

094/01 - Stefnir ÍS-28

Stefnir ÍS-28, skipverji verður fyrir trollbelg í hífingu

Stefnir ÍS-28

Skipaskr.nr.: 1451

Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1976 Stál

Stærð: 431,00 brl; 668,00 bt

Lengd: 49,85 m **Breidd:** 9,50 m **Dýpt:** 6,60 m

Vél: MaK 1.309,00 kW **Árgerð:** 1976

Annað:

Földi skipverja: 13



Atvikalýsing

Þann 13. febrúar 2001, var b/v. Stefnir ÍS-28 að veiðum með botnvörpu um 30 sml. vestur af Bjargtöngum. Veður: SV 10 – 12 m/sek., þungur sjór og bjartviðri.

Skipið var á lensi um kl.16:30 og var verið að taka trollið. Hlerarnir voru komnir upp og tryggilega fastir, búið var að lása úr þeim og bobbingalengjan hífð á enda. Skutlokuhliðið hafði verið hífð upp og skipverjar voru komnir inn í skutrennuna til að slá stroffu á belginn. Belgurinn var hífður í færum og þegar skipverjar voru að slá á belginn fyrir síðustu færana, fara tveir þeirra sitthvori megin við hann. Í því reið alda undir skipið og kastar afturenda þess til bakborða. Við það strekktist á belgnum og hann kastaðist eftir skutlokunni til stb. Skipverjinn sem nálgast belginn stb. megin, sneri nokkurn veginn baki í veðrið en sá hvað verða vildi og reyndi að hörfa úr skutrennunni en var of seinn. Belgurinn kastaði honum með bakið að skutrennulunningunni og varð hann á milli lunningar og belgsins.

Skipverjinn fann til til mikils sársauka í baki og hneig niður þegar belgurinn slóst aftur til bakborða.

Við rannsókn kom fram

- að belgurinn lá yfir uppreista skutrennulokuna í um 1,20m hæð frá þilfari;
- að belgurinn lenti á skipverjanum í mittishæð;
- að skipstjóri var einn við stjórn skipsins og hífingu trollsins;
- að skipstjóri stjórnaði einnig hífingu belgsins.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.